

Valgreinar í 8. – 10. bekk veturinn 2020 – 2021

Valgreinar eru kenndar á mánudögum og fimmtudögum. Í undantekningartilfellum geta þó einstaka valgreinar verið kenndar á öðrum dögum. Hver valgrein er kennd í 80 mínútur eða 2 kennslustundir í senn. Vetrinum er skipt niður í 4 valtímabil eða lotur eins og hér segir:

- ~~Lota 1 31. ágúst – 12. október~~
- **Lota 2 26. október – 14. desember**
- Lota 3 11. janúar – 4. mars
- Lota 4 15. mars – 10. maí

Nemendur velja eina grein fyrir hvorn dag og eftir hverja lotu velja þeir upp á nýtt. Hægt er að fá íþróttæfingar, tónlistarnám eða annað viðurkennt tómsundastarf metið sem eina valgrein.

Hér eru þær valgreinar sem verða í boði í lotu 2, eða á tímabilinu 26. október – 14. desember.



Athugið að **Lego First League** og **tæknival** eru ekki á valblaðinu en þeir sem voru í þeim hópum í lotu 1 halda áfram í lotu 2.

Mánudagar

Jólabakstur

Umsjón: Nína B. Gísladóttir



Jólabaksturinn verður tekinn snemma í ár í þessu vali.

Athugið að þetta er samskonar val og er á fimmtudögum og ekki hægt að velja það fyrir báða dagana!!

Kennt á mánudögum kl. 14:10 – 15:30

Tónlistarval (gildir fyrir bæði mánudag og fimmtudag)



Umsjón: Heiðrún og Nikki úr Brekkó, Sammi úr Grundó, Eddi Lár, Birgir Þóris og Óskar úr Tónó.

Hefur þú brjálæðislega gaman af tónlist? Þá er tónlistarval eitthvað fyrir þig! Þú færð tækifæri til að æfa alls konar tónlist með öðrum í minni og stærri hópum tvisvar í viku. Tónleikar verða svo haldnir í Tónbergi í lok janúar 2021.

Smellið á hlekkinn og kíkið á þessa geggjuðu auglýsingu 😊

<https://www.youtube.com/watch?v=UZouEY5XDhU&feature=youtu.be>

- **Smíði**

Umsjón: Ingibjörg Torfadóttir

Unnið verður með ýmis konar verkefni, allt eftir áhuga og hugmyndaflugi nemenda. Alls konar efniviður og áhöld á staðnum og um að gera að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín í smíðastofunni.

Kennt á mánudögum kl. 14:10 – 15:30




Fótboltaklúbburinn

Umsjón: Arnar Freyr Sigurðsson

Skoðaðar verða svipmyndir frá fótboltaleikjum helgarinnar þegar það á við. Nemendur gefa stuttar skýrslur um einstaka leiki. Við ræðum og skoðum flott atvik s.s. mörk, markvörslur, dæmi um góðan varnarleik, umdeild atvik, VAR og fleira.

Kennt á mánudögum kl. 14:10 – 15:30



Leiklist (kennt á þriðjudögum)

Umsjón: Halla Jónsdóttir


Langar þig að læra leiklist á sama grunni og leikarar á borð við Will Ferrell og Sögu Garðars? Þá er þetta valið fyrir þig. Fjölbreytt leiklistarval þar sem unnið verður með spuna-þjálfun í bland við ýmsa aðra þætti leiklistar.

ATH: Verður kennt á þriðjudögum klukkan 13:30 – 14:50



Heimanámsval

Umsjón: Helga Kristín Björgólfsdóttir



Í þessu vali geta nemendur fengið aðstoð við heimavinnuna sína eða verkefnavinnu ýmiss konar. Nemendur geta einnig fengið aðstoð við þá þætti sem þeir vilja styrkja sig í. Valið ætti að henta öllum nemendum sem eru tilbúnir að þiggja aðstoð.

Kennt á mánudögum kl. 14:10 – 15:30

Kynfræðsla

Umsjón: Guðrún Hjörleifsdóttir



Athugið að í þessari lotu er kynfræðsluval fyrir stelpur. Í lotu 3, eftir áramót, verður þetta val í boði fyrir stráka.

Í kynfræðsluvali er farið yfir allt það sem við kemur samböndum, samskiptum kynjanna, sjálfsmyndinni og kynlífi. Við fræðumst um kynþroskann, kynfærin, kynhneigð, kynsjúkdóma, óléttu og fæðingu.

Einnig skoðum við viðkvæmari mál á borð við þungunarrof, óljós mörk, sjúka ást og klám. Nemendum gefst tækifæri til þess að spyrja nafnlausra spurninga um viðfangsefni sem þeir skilja ekki alveg eða vilja fræðast meira um.

Kennt á mánudögum kl. 14:10 – 15:30

- **Frístundaval**

Hægt er að fá íþróttæfingar, tónlistarnám eða annað viðurkennt frístundastarf metið sem eina valgrein.

Þeir sem ætla að fá merkja við í þar til gerðan reit þegar þeir velja.

Eyðublaði verður komið til þeirra nemenda og þeir skila því aftur með undirskrift þjálfara/kennara og foreldris.

Fimmtudagar

Athugið að **Lego First League** og **tæknival** eru ekki á valblaðinu en þeir sem voru í þeim hópum í lotu 1 halda áfram í lotu 2.

- **Jólabakstur**

Umsjón: Nína B. Gísladóttir



Jólabaksturinn verður tekinn snemma í ár í þessu vali.

Athugið að þetta er samskonar val og er á mánudögum og ekki hægt að velja það fyrir báða dagana!!

Kennt á fimmtudögum klukkan 14:10 – 15:30

- **Skólahreystival**

Umsjón: Sigríður H. Gunnarsdóttir



Skólahreystival er hugsað fyrir alla þá sem vilja styrkja sig og auka þol sama hver geta þeirra er í dag. Áhersla verður lögð á skólahreystigreinar og nemendur setja sér persónuleg markmið sem við vinnum að. Við fléttum líka þrek inn í ýmsa leiki.

Ætlast er til að nemendur mæti með íþróttaföt.

Kennt í sal íþróttahússins við Vesturgötu á fimmtudögum klukkan 14:10 – 15:30

• Yoga og hugleiðsla

Umsjón: Áróra Helgadóttir

- Vilt þú upplifa meira jafnvægi, vellíðan og sterkari getu til að bregðast við óvæntum aðstæðum?
- Vilt þú hafa meiri orku og skýrleika til að gera það sem virkilega skiptir þig máli?
- Vilt þú upplifa meiri sátt í eigin skinni og njóta þess að vera eins og þú ert?
- Vilt þú finna ró og betri svefn?



Með léttleika og forvitni að leiðarljósi munum við fara yfir grundvallaratriði yoga og hugleiðslu. Saman sköpum við tækifæri fyrir hvern og einn til að rannsaka hvað virkar vel og hvað virkar ekki vel - og þannig öðlast hver sína verkfærakistu til að auka sína vellíðan og lífsfylli.

Kennt í **jógasalnum á jarðhæð Sjúkrþjálfunar Akraness** við Suðurgötu á fimmtudögum kl. 14:10 – 15:30.

• Badminton

Umsjón: Pétur V. Georgsson



Badminton fyrir byrjendur (þeir sem eru vanir eru líka velkomnir).

Farið verður í allskonar leiki, eins og runu, 3-4 manna lið og gerðar verða allskonar skemmtilegar æfingar. Markmiðið er fyrst og fremst að hafa gaman og hreyfa sig og læra að beita spaðanum rétt, það er ekki mikil áhersla á keppni. Þessi íþrótt er frábær hreyfing, það er nóg að fá einn með sér, þá er hægt að spila, fáðu vin/vinkonu með, þetta verður skemmtilegt.

Kennt í íþróttahúsinu við Vesturgötu á fimmtudögum klukkan 14:10 – 15:30

Franskar kvikmyndir

Umsjón: Bjarki Berg Guðmundsson



Langar þig að kynnst Frakklandi aðeins betur og fá smá innsýn inn í franska menningu? Hvað er þá betra en að hlaða batteríin eftir langan skóladag og horfa á franska kvikmynd? Við ætlum að

horfa á skemmtilegar kvikmyndir á borð við Nikulás litla, Intouchables og auðvitað frægustu kvikmynd Frakka síðari ára, Amélie.

Kennt á fimmtudögum klukkan 14:10 – 15:30

Hlaðvarpsgerð



Umsjón: Hjörvar Gunnarsson

Nemendur búa til eigin hlaðvörp þar um það sem þeir hafa áhuga á að kynna fyrir öðrum. Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og tæknilega vinnu.

Láttu ljós þitt skína sem næsta vonarstjarna útvarpsheimsins.

Tónlistarval (gildir fyrir bæði mánudag og fimmtudag)



Umsjón: Heiðrún og Nikki úr Brekkó, Sammi úr Grundó, Eddi Lár, Birgir Þóris og Óskar úr Tónó.

Hefur þú brjálæðislega gaman af tónlist? Þá er tónlistarval eitthvað fyrir þig! Þú færð tækifæri til að æfa alls konar tónlist með öðrum í minni og stærri hópum tvisvar í viku. Tónleikar verða svo haldnir í Tónbergi í lok janúar 2021.

Smellið á hlekkinn og kíkið á þessa geggjuðu auglýsingu 😊

<https://www.youtube.com/watch?v=UZouEY5XDhU&feature=youtu.be>

- **Frístundaval**

Hægt er að fá ípróttæfingar, tónlistarnám eða annað viðurkennt frístundastarf metið sem eina valgrein.

Þeir sem ætla að fá merkja við í þar til gerðan reit þegar þeir velja.

Eyðublaði verður komið til þeirra nemenda og þeir skila því aftur með undirskrift þjálfara/kennara og foreldris.